



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** STÆR2AH06L og STÆR2AH07Ó veturinn 2020-2021.

**Kennarar:** Helgi Freyr Ásgeirsson, Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson, Kári Sigurðsson, Salvör Egilsdóttir, Sóley Benediktsdóttir.

**Kennslugögn:** Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti og Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti.

**Bekkir:** 4.C, 4.D, 4.E, 4.F, 4.G, 4.H, 4.I og 4.J.

## Lýsing:

Inngangur að mengjum og rökfræði. Bókstafareikningur, jöfnu- og ójöfnureikningur og hnitakerfi. Margliður og eiginleikar þeirra. Annars stigs margliður og fleygbogar. Vigrar.

## Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

### Hautmisseri:

- Vika 1-4: Mengi, yrðingar og reiknireglur rauntalna (kaflar 1.1-1.2 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 5-10: Röðun rauntalna, talnalínan, jöfnur og ójöfnur (kaflar 1.3-1.5 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 11-15: Tölugildi og skilgreining vigurs (kaflar 1.6 og 2.1 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).

### Vormisseri:

- Vika 1-6: Innfeldi og ákveða vigra, línuleg jöfnuhneppi og liðun vigra (kaflar 2.2-2.4 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 7-11: Jafna línu, fjarlægð punkts frá línu og jafna hrings (kaflar 3.1-3.2 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 12-15: Margliður, margliðujöfnur og -ójöfnur (kaflar 1.1 og 1.3 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluta).

## Námsmat– birt með fyrirvara– breytingar kunna að verða gerðar vegna COVID19

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum misserisprófum.

- **Námseinkunnir:**

- Lesin stærðfræði (stærðfræði I):
  - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
  - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.



## Menntaskólinn í Reykjavík

- Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.
- Ólesin stærðfræði (stærðfræði II):
  - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
  - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
  - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf. Lesið próf í 60 mínútur en ólesið í 90 mínútur.
- **Vorpróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt).